



322. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 29. apríl 2022 kl. 12:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hörður Þorsteinsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Á Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson og Valdimar Leó Friðriksson

Forföll: Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson og Knútur G. Hauksson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu.

Gengið hefur verið frá ráðningu Jóns Reynis Reynissonar og Garðars Óla Ágústssonar, sem báðir eru með meistarapróf í íþróttastjórnun frá Háskólanum í Molde í Noregi, til að sinna verkefni um góða stjórnunarhætti í sérsamböndum ÍSÍ. Um er að ræða annars vegar fullt starf og hins vegar 25% starfshlutfall í fimm mánuði. Verkefnið er byggt á verkefninu „National Sport Governance Observer“ sem er eins konar frammistöðupróf sem mælir starfsvenjur og stjórnunarhætti sérsambanda.

Jákvætt svar hefur borist frá Ólympíusamhjálpinni um styrki til sjö íþróttamanna til undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í París og er undirbúningur samninga þar að lútandi hafinn.

Framkvæmdastjóri hefur mætt, ásamt ýmsum fulltrúum úr framkvæmdastjórn, á ársþing sambandsaðila undanfarnar vikur til að auka enn frekar yfirsýn yfir starfsemi þeirra. Fleiri ársþing eru í framundan.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Verkefnastjórar sviðsins sóttu aðalfararstjórafund EYOF í Slóvakíu nýlega og þar var dregið í riðla EYOF í handknattleik drengja. Ísland lenti í riðli með Króatíu, Spáni og Danmörku.

Undirbúningur fyrir Smáþjóðleikana á næsta ári og Ólympíuleikana í París 2024 gengur samkvæmt áætlun.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Hún kynnti nýtt verkefni um sjálfbóðaliða í íþróttahreyfingunni sem sviðið vinnur að og er í undirbúningi.

Fundarmenn tóku jákvætt í verkefnið og mun sviðið kynna það betur þegar línur hafa skýrst.

Rætt um gæðaverkefnið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og fyrirhugað endurmat á verkefninu. Fundarmenn lögðu áherslu á að nýta rafrænar lausnir þar sem það er hægt.

Samþykkt að í stöðulista yfir Fyrirmyndarfélög og -deildir ÍSÍ á heimasíðu ÍSÍ sé að finna félög með gilda vottun, með stöðumerkinguna „Í gildi“ og einnig þau félög sem hafið hafa formlegt endurnýjunarferli, með stöðumerkinguna „Í endurnýjun“. Ef félag í formlegu endurnýjunarferli hefur ekki lokið því sex mánuðum eftir að fyrri vottun féll úr gildi þá fellur félagið út af listanum.

Rætt um þörf á uppfærslum, bæði í þjálfaramenntun og í Fyrirmyndarverkefnum ÍSÍ, varðandi ýmsa málaflokka sem breyst hafa á síðustu árum og hlotið aukið vægi, bæði í samfélaginu og í íþróttahreyfingunni.

Viðar Garðarsson formaður fagraðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Hjólað í vinnuna verður sett formlega 4. maí nk. í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum að viðstöddum góðum gestum, bæði ráðherrum og borgarstjóra. Verkefnið er 20 ára á árinu.

Ekki er komin niðurstaða varðandi framtíð Kvannahlaupsins. Viðræður standa yfir við Sjóvá sem hefur verið styrktaraðili hlaupsins um langt árabil.

3. Skýrsla starfshóps ÍSÍ um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni

Forseti skýrði stöðu mála.

Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi með sjö sérsamböndum um tilmæli vinnuhóps um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni sem fram komu í skýrslu hópsins. Fundurinn var haldinn í kjölfar fundar með sambandsaðilum ÍSÍ á Teams þegar skýrslan var kynnt.

Unnið er að úrlausnum, í samráði við hreyfinguna og fagaðila.

Rætt um embætti samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs og þann mikla fjölda mála sem til embættisins berast. Samþykkt að senda bréf til mennta- og barnamálaráðuneytis og óska eftir því að ráðuneytið efli embættið til muna eins fljótt og auðið er.

4. Þjóðarleikvangar

Forseti skýrði stöðu mála. Viðræður standa yfir á milli ríkis og Reykjavíkurborgar og vonandi skýrast mál fljótlega.

5. Skipulagsmál, stefnumótun og vinnufundur stjórnar

Áætlað var að halda vinnufund í apríl en það næst því miður ekki. Stefnt er að fundi fljótlega í maí.

6. Húsnæðismál í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Nánari upplýsingar varðandi mögulegar breytingar á fundarsalahæð ÍSÍ í húsi 3 mun skýrast á næstu vikum.

7. Erlent samstarf

Í ljósi þess að Andri Stefánsson hefur skipt um hlutverk á skrifstofu ÍSÍ þá þarf að skipa nýjan fulltrúa fyrir hönd ÍSÍ í tækninefnd GSSE.

Samþykkt að tilnefna Olgu Bjarnadóttir sem fulltrúa í nefndina.

Aðalfundur GSSE verður haldinn um mánaðamótin maí/júní og þá verður einnig stefnumótunarfundur samtakanna. Samþykkt að forseti, 1. Varaforseti og framkvæmdastjóri verði fulltrúar ÍSÍ á aðalfundinum. Líney Rut Halldórsdóttir verður einnig á staðnum af hálfu EOC, vegna stefnumótunarmála.

Samþykkt að Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Ragnildur Skúladóttir sviðsstjóri sækji ársþing ENGSO í Færeyjum í lok maí.

Samþykkt að Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Hrönn Guðmundsdóttir sviðsstjóri sækji ársþing TAFISA í júní í Slóveníu.

Norrænn fundur fyrirtækjaþróttasambanda verður haldinn hér á landi í haust.

- 8. Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023 – 2027, 513. mál**
Óskað hefur verið eftir umsögn ÍSÍ á þingslályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2023 – 2027, 513. mál. Forseta og framkvæmdastjóra falið að vinna umsögnina, sem skila þarf 9. maí nk.
- 9. Heiðranir**
Engar tilnefningar lágu fyrir fundinum.
- 10. Fundargerðir**
Eftirfarandi fundargerð lögð fyrir og staðfest:
- 321. fundur framkvæmdastjórnar.
- 11. Viðburðir framundan**
Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.
- 12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**
Á næstu dögum verður send tillaga um dagsetningu vinnufundar á næstu tveimur vikum.
- 13. Önnur mál**
Engin önnur mál lágu fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir